

Lögin eins og þau breyttust á aðalfundi 13. september 2018

Lög foreldrafélagsins	
1. gr.	Félagið heiti Foreldrafélag Grunnskólans á Hellu, og er heimili þess á Hellu.
2. gr.	Tilgangur félagsins er: a) Að koma á lifandi sambandi milli heimila nemenda og Grunnskólans á Hellu. b) Að stuðla að framkvæmd ýmissa mála í þágu skólans, sem liggja í láginni vegna takmarkaðrar fjárhagsgetu hans eða annarra orsaka.
3. gr.	Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því: a) Að halda fundi þar sem fjallað er um ýmis uppeldisleg efni, valin í samráði við skólayfirvöld. b) Að veita aðstoð í starfi skólans, vegna félagsstarfsemi og skemmtana í þágu nemenda.
4. gr.	a) Félagar teljast allir foreldrar eða forráðamenn nemenda. b) Aðrir þeir er áhuga hafa fyrir að styðja starf félagsins og óska eftir inngöngu í það. c) Félagar greiða árgjald 3000. kr á heimili, innheimt sem valgreiðslukrafa í heimabanka.
5. gr.	a) Sex menn skipa stjórn félagsins. Þrír aðalmenn þ.e. formaður, gjaldkeri og ritari auk þriggja meðstjórnenda þ.e. varaformaður, varagjaldkeri og vararitari. b) Á aðalfundi ár hvert falla aðalmenn sjálfkrafa úr stjórn, en meðstjórnendur taka við störfum þeirra. Skal því kjósa þrjá nýja meðstjórnendur í þeirra stað. c) Tvo varamenn skal kjósa árlega. d) Tvo endurskoðendur skal kjósa árlega. e) Stjórnin getur skipað nefndir til ýmissa starfa og stýrir og ber ábyrgð á allri starfsemi félagsins. f) Æskilegt er að skólastjóri eða staðgengill hans sitji aðalfund félagsins.
6. gr.	Aðalfund skal halda árlega fyrir 1. október. Æskilegt er að halda einn til tvo félagsfundir á skólaárinu. Allir fundir skulu boðaðir rafrænt eða á annan áberandi hátt, og aðalfundur með minnst viku fyrirvara.
7. gr.	Skólaráð. Foreldrafélagið á tvo fulltrúa í skólaráð. Annar fulltrúi kemur úr stjórn ásamt varamanni og hinn er kosinn á aðalfundi ásamt varamanni til tveggja ára í senn.
8. gr.	Félagið getur með samþykki félagsfundar gerst aðili að þeim félagasamtökum er vinna að hliðstæðum málefnum.
9. gr.	Aðalfundur telst löglegur sé rétt til hans boðað. Afl atkvæða ræður öllum ákvörðunum félagsins að undanskilinni 9. gr. Lagabreytingar er aðeins hægt að gera á aðalfundi.
10. gr.	Félagið má því aðeins leysa upp að 2/3 fundarmanna greiði því atkvæði á löglegum aðalfundi. Eignir félagsins skulu þá renna til Grunnskólans á Hellu.
11. gr.	Lög þessi öðlast þegar gildi.